

STUTT



Ánægja það ríkti mikil gleði þegar Þorbjörg afhenti gjafirnar til HSS.

Þorbjörg ætlar að halda áfram að safna fyrir tækjum á Heilbrigðisstofnunina

Þorbjörg Elín Friðriksdóttir afhenti í júlí sl. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ytri öndunarfélög, vökvæðu, og tvo hjólastóla. Þá voru stólarinn og vökvæðan ekki komin í hús. Nú hefur þetta allt skilað sér og er komið í fulla notkun.

Þorbjörg hefur aldeilis ekki lagt árar í bát heldur ætlar hún að halda áfram söfnun sinni fyrir tækjabúnaði á HSS. Hún hefur sett sér það markmið að safna fyrir sjónvarps-tækjum á allar stofur á legudeild, alls 15 stofur. Tækin sem sjúklingar hafa til afnota á HSS eru

flest orðin gömul og í mismunandi ásigkomulagi. Þau eru yfirleitt höfð á náttborðum sjúklinga þar sem þau taka pláss og geta skapað hættu þar sem snúrurnar eru oft að flækjast fyrir fótum fólks.

Þorbjörg hefur frá í sumar fengið margar áskoranir frá fólki um að halda ótraud áfram söfnun sinni og hefur af sínum dugnaði og krafti nú tekið þeim áskorunum og setur sér því þetta markmið núna.

Reikningsnúmer söfnunarinnar er; 542-14-401515, kennitalan er; 061051-4579.

Samgönguvika hefst í dag

Samgönguvika hefst í Reykjavík í dag, 16. september, og er nú haldin í áttunda sinn. Hún er hluti af Evrópsku samgönguvikunni sem ætlað er að hafa áhrif á ferðaval borgarbrúna og stefnu sveitafélaga í samgöngumálum. Vikan verður sett í Fella-skóla því Breiðholt verður samgönguhverfi borgarinnar næsta árið.

Margt er á dagskrá Samgönguviku, m.a. verður hjólafein opnuð á Suðurgötu, nýtt göngu- og hjólastígakort gefið út og hjóla-vefsjá kynnt til sögunnar. Einnig er á dagskrá málþing um hvernig ferðamáti hefur áhrif á mótun borgarinnar. Borgarstjóri og ráðherrar verða meðal ræðumanna.

Jeppmenn mótmæla við ráðherra

Fulltrúar Ferðaklúbbsins 4x4 munu í dag eiga fund með Svandísí Svavarsdóttur umhverfisráðherra vegna tillögu að stjórnar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í tillögunni, sem stjórn þjóðgarðsins lagði fram, er m.a. lagt til að umferð ökutækja og hrossa verði bönnuð um Vonarskarð og að akstur um ýmsa slóða á Tungnaáröræfum verði bannaður.

Óskar Erlingsson, formaður ferðafrelsisnefndar 4x4, sagði að klúbburinn gerði einnig athugasemdir við að samráð við klúbbinn og fleiri útivistarhópa hefði verið meira í orði en á borði.

Á fundinum fær ráðherra afhent mótmæli um 5.000 manns við tilögum stjórnarinnar. runarp@mbl.is



Morgunblaðið/RAX

Stóðráttir Það er ætíð mikið fjór þegar stóðið er dregið í réttum á haustin.

Réttir og fjór hjá Húnvetningum

Dagana 18. og 19. september verður mikið fjór í Austur-Húnavatnssýslu. Stóðsmölun verður á Laxárdal og réttir í Skrapatungurétt. Er þetta í tuttugasta skipti sem gestum er boðið að taka þátt í ævintýrinu. Gestir eiga þess kost að slást í för með gangnamönnum á eyðidalnum Laxárdal og upplifa alvöru þjóðlegt ævintýri. Þátttakendur leigja hesta hjá heimamönnum eða mæta með sína eigin hesta. Stóðhrossin verða rekin til byggða laugardaginn 18. september. Lagt er af stað frá Strjúgsstöðum í Langadal kl. 10.

Á laugardagskvöldinu leika Paparnir fyrir dansi í Félagsheimilinu Blönduósi. Húsið opnar kl. 23:00. Á sunnudagsmorgun hefjast réttir í Skrapatungurétt um kl. 11. Bændur ganga í sundur hross sín og reka þau svo í lok dags til síns heima.

„Stóðréttarhelgi Skrapatunguréttar er hátíð heimamanna og ferðafólks þar sem er spilað, sungið og skemmt sér að síð Íslendinga,“ segir í tilkynningu.

Nánari upplýsingar má fá á netfanginu vallih@centrum.is

Þjóðræknisþing haldið á morgun



Þjóðmenningarhúsið

Þjóðræknisfélag Íslendinga heldur þjóðræknisþing í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 17. september n.k. kl. 15:00. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ávarpar þingið og nokkrir gestir frá Bandaríkjunum og Kanada munu flytja erindi. Þar má nefna m.a. Eric Stefansson frv. ráðherra í Manitoba sem hefur átt sæti í stjórn Þjóðræknisfélagsins undanfarin ár og Gail Einarsen McCleery forseta Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. David Gislason frá Arborg Manitoba og heidursfélagi ÞFÍ mun kynna nýja bók sína „The Fifth Dimension“. Fleiri atriði verða á dagskránni. T.d. verður sagt frá áformum um afmælisdag árið 2011, í tilefni þess að 200 ár verða liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta.

Drengjakór Reykjavíkur mun syngja undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar og Þjóðbúningastofan mun annast sýningu á íslenska þjóðbúningnum. Þjóðræknisþingið er öllum opið.

Iðgjöld lífeyrissjóðanna lækkuðu um 9% í fyrra

● Aukið atvinnuleysi og lækkingun launa er helsta ástæðan

Iðgjöld lífeyrissjóðanna lækkuðu um 9% á milli áramna 2008 og 2009 eða úr 114 milljörðum króna á árinu 2008 í rúmlega 107 milljarða króna árið 2009.

Meginástæða þessarar lækkunar er talin vera aukið atvinnuleysi og almenn lækkingun launa í landinu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Fjármálaeftirlitsins um stöðu lífeyrissjóðanna.

Þar kemur einnig fram, að gjaldfærður lífeyrir ásamt útgreiðslu séreignarsparnaðar var tæplega 76 milljarðar árið 2009 en var 54 milljarðar árið 2008.

Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila á árinu 2009 jókst um 12,8% og nam 288 milljörðum króna samanborið



við 256 milljarða í árslok 2008. Séreignarsparnaður í heild nam um 15% af heildareignum lífeyriskerfisins í árslok 2009. Iðgjöld til séreignarlíf-

eyrissparnaðar lækkuðu milli ára og fóru úr 33,4 milljörðum króna í 26,3 milljarða króna á árinu 2009.

Í skýrslunni segir, að samkvæmt lögum um lífeyrissjóði skuli vera jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. 25 deildir lífeyrissjóða án ábyrgðar voru með neikvæða tryggingafræðilega stöðu í árslok 2009, þar af þrjár deildir með meiri halla en 15% og verða því að skerða réttindi.

Þeir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags eru undanþegnir ákvæðum laganna sem fjalla um jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Lítil breyting er á stöðu þessara sjóða á milli ára en verulegur halli er á nánast öllum deildum.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. september 2010 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olúggjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útlagsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir megu búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2010

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólumvík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi